

Ed.

273. Nefndarálit

[108. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, fól nefndin 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allnargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar höfðu borizt.

Að athugunum sínum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að álitu tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir 10 umsækjendur, sem greindir eru í tölulíð 1—3, 6—7, 10—11 og 13—15 í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru hér að framan, að dómi nefndarinnar, en aðrir umsækjendur ekki.

Umsækjendur, sem greindir eru í tölul. 4—5, 8—9, 12 og 16 í breytingartillögum nefndarinnar, eru ungverskir flóttamenn, sem leyfð var landvist hér í árslok 1956, og er það í samræmi við tillögur dómsmálaráðuneytisins að veita þeim ríkisborgararétt er sýnt þykir, að þeir muni ilendast hér á landi.

Alþingi, 13. febr. 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, Ólafur Björnsson, Magnús Jónsson.
form., frsm. fundaskr.
Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.